

Alþingi
Erindi nr. P 133/123/
komudagur 26.2.2007

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, nefndarsvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. febrúar 2007 02-2007020545
T-ums 05/07

Umsögn um frumvarp til laga um starfstengda eftirlaunasjóði – 568.mál.

Ríkisskattstjóri hefur þann 19.febrúar sl móttengið bréf yðar dagsett 16. febrúar s.á. með beiðni um umsögn varðandi ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er gerð tillaga um setningu laga um starfstengda eftirlaunasjóði. Væri með lögfestingu þess innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins, 2003/41/EB, um starfsemi og eftirlit með starfstengdum eftirlaunasjóðum. Ekki er um að ræða að hreyft sé skyldubundnum framlögum og lífeyrissjóðsaðildar sem almennt er hér á landi eða núverandi fyrirkomulagi á viðbótarlífeyrissparnaði einstaklinga. Frumvarpið setur reglur um eftirlaunasjóði sem eru starfstengdir og valkvæðir og rætur eiga að rekja til frjálsra samninga milli starfsmanna og vinnuveitenda þeirra um tiltekin störf..

Eins og fram kemur í frumvarpinu er samhliða því lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt. Þar er fjallað um skattalega meðferð greiðslna úr starfstengdum eftirlaunasjóðum. Samkvæmt því frumvarpi sem er að finna á þskj. 876, 591. mál verður í skattalegu tilliti farið með greiðslur úr slíkum sjóðum á sama hátt og greiðslu lífeyris úr almennum lífeyrissjóðum. Einnig er í því frumvarpi að finna ákvæði um að starfstengdir eftirlaunasjóðir verði undanþegnir skattskyldu samkvæmt lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur á sama hátt og lífeyrissjóðir.

Frumvarp það sem hér um ræðir gefur ekki tilefni til athugasemda af hálfu ríkisskattstjóra.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra



Steinþór Haraldsson